

Ómissandi þáttur helgihalds

Hátíðasöngvar séra Bjarna Þorsteinssonar hafa verið fluttir í meira en eina öld

Eftir Jónas Ragnarsson jr@jr.is

Séra Bjarni Þorsteinsson var tæplega 38 ára þegar Hátíðasöngvar hans voru gefnir út í Kaupmannahöfn sumarið 1899 – á kostnað höfundar. Þá voru kórar farnir að syngja löggin hans, enda þótt fá þeirra hefðu birst á prenti, og hann var orðinn þekktur fyrir áhuga sinn á söfnun þjóðlaga.

Ritið var 40 blaðsíður og hét fullu nafni „Íslenskur hátíðasöngur eða víxlsöngur prests og safnaðar á þremur stórhátíðum og nýársdag, á jónánótt, nýársnótt og föstudaginn langa; einnig nýtt tónlag presta ásamt svörum safnaðarins. Samið hefur B. Þorsteinsson, prestur í Siglufirði.“

Bjarni varð prestur á Hvanneyri í Siglufirði haustið 1888, en á skólaárunum í Reykjavík hafði hann tekið virkan þátt í tónlistarlífi höfuðstaðarins og var farinn að semja lög.

Fannst kirkjan stækka

Í ævisögu séra Bjarna, Ómar frá tónskáldsævi, segir að Hátíðasöngvarnir hafi verið fluttir í Siglufjarðarkirkju áður en þeir voru gefnir út, en ekki er vitað hvaða ár það var. Ekki er ólíklegt að það hafi verið um jóln 1898. Sagt var að sérstaklega hefði verið vandað til æfinga kórsins. Það var prestsfrúin, Sigríður Lárusdóttir Blöndal, sem hafði tekið við stjórn kirkjusöngsins, bæði sem organleikari og forsöngvari, þegar hún fluttist til Siglufjarðar haustið 1892. „Rödd hennar hefur gefið orðunum líf og sent þau inn í hjarta og sál,“ var sagt um Sigríði. „Hún söng orð drottins inn í sálir safnaðarins, jafnframt og maður hennar prédikaði það,“ sagði í minningargrein um hana í Siglufirðingri 1929.

Ekki er víst að lýsing Jóns Jóhannessonar í bókinni um Siglufjarðarpresta eigi við frumflutninginn í litlu timburkirkjunni á Siglufjarðareyri, en áhrifin gætu hafa verið svipuð. Hann sagði: „Mér eru enn í fersku minni áhrif Hátíðasöngvanna á mig í fyrsta sinn er ég heyrði þá sungna í Siglufjarðarkirkju, og sungna ágætaveg, bæði af prest og söfnuði. Mér fannst kirkjan stækka og verða að dýrðlegu musteri, þar sem var óendanlega hátt til lofts og vitt til veggja. Og mér fannst ég færast nær himninum og að hið mikla tónaflóð endurómáði einnig þaðan. Og eflaust var ég ekki einn um þessar tilfinningar. En afburðamenn einir á sviði listarinnar megna að lokka þær fram.“ Jón var fiskimatsmaður og fræðimaður. Hann mun hafa kynnst Bjarna fljótlega eftir að hann tók við embætti en foreldrar Jóns voru vinir prestshjónanna.

Til að bæta kirkjusönginn

Vorið 1899 fór Bjarni til útlanda með stuðningi stjórnvalda, einkum til að rannsaka gömul íslensk nótahandrit. Hann dvaldi lengst í Kaupmannahöfn, m.a. í tæpa þrjá mánuði í safni Árna Magnússonar, en fór auk þess til Svíþjóðar og víðar. En Bjarni átti einnig annað erindi. Í Kaupmannahöfn lét hann prenta tvær bækur. Það voru „Íslenskur hátíðasöngur“ og „Sex sönglög“ eftir hann sjálfan. Prentunin mun hafa kostað 700 krónur.

Bjarni kom til Reykjavíkur frá útlöndum með póstgufuskípinu Botnínú 8. ágúst 1899, en farþegar voru um þrjátíu. Skómnu síðar voru bæturnar tvær auglýstar til sölu hjá Steingrími Johnsen, söngkennara og kaupmanni í Reykjavík, sú fyrrennfanda á 1 krónu og 50 aura, hin á 75 aura.

Á leiðinni með skipinu austur og norður fyrir land kom Bjarni við á Seyðisfirði. Nokkrum dögum síðar birtust auglýsingar um bæturnar í



Séra Bjarni Þorsteinsson

bæjarblöðunum Bjarka og Austra. „Það er satt að þessi hátíðasöngur heimtar miklu betri yrng en nú gerist almennt í kirkjum, en þess vegna ætti einmitt að taka hann sem fyrst upp við messugjörðina því það væri einmitt vissasti vegurinn til þess að bæta kirkjusönginn,“ sagði í ritdómi í Bjarka, en ritstjóri hans var Þorstein Erlingsson skáld. „Bjarni er ófað sá maður sem nú er best að sér hér á landi í öllu sem að söng lýtur.“

Þjóðin í þakkarskuld við Bjarna

Elstu heimildir um flutning Hátíðasöngvanna annars staðar en í Siglufjarðarkirkju voru í tímaritinu Verð ljós, sem kom út í febrúar 1900. Þar sagði Jón Helgason, síðar biskup, að söngvarnir hefðu verið fluttir í Dómkirkjunni í Reykjavík á aðfangadagskvöld og gamlársmessu kvöld 1899. Safnaðarsvörin voru þó „sungin einródduð vegna þess að ekki var fyrir en á elleftu stundu af ráðið að reyna þetta og varð því eigi nægum undirbúningi við komið í þetta sinn.“ Greinarhöfundur sagðist treysta því „að dómkirkjusöfnuðurinn fái á næstu jólum að heyrja þennan hátíðasöng allan“. Í sögu Dómkirkjunnar sagði um Hátíðasöngvanna: „Þeir hafa sett svip sinn á messur á öllum stórhátíðum þar síðan.“

Í grein Jóns Helgasonar var sagt frá því að Hátíðasöngvarnir hefðu einnig verið fluttir í Arnessýslu um jóln 1899. „Það höfum vér heyrt söngnæman mann og greindan segja, er í vetur var við hátíðagudsþjónustu í Eyrarbakka- og Stokks-eyrarkirkju, að aldrei hafi hann verið við jafn hátíðlegar gudsþjónustugjörðir enda hafi organistinn og söngflokkur hans leyst sitt hlutverk þrýðisvel af hendi. Getum vér þessa organistanum, Jóni verslunarmanni Pálssyni (frá Götú) til maklegs heiðurs.“ Jón þessi var verslunarmaður, kennari og organisti á Eyrarbakka og síðar aðalféhirðir Landsbankans.

Í grein eftir Valtý Stefánsson ritstjóra í Morgunblaðinu um jóln 1943 sagði um Húsið á Eyrarbakka: „Þar voru sungnir í fyrsta sinn Hátíðasöngvar sr. Bjarna Þorsteinssonar og stjórnandi Jón Pálsson þeim söng.“ Þetta er ekki í samræmi við frásögnina frá aldamótaárinu.

Jón Helgason sagði í áður nefndri grein frá 1900 að séra Bjarni Þorsteinsson ætti bestu þakkir skildar fyrir verk sitt, sem væri vandlega af hendi leyst og höfundinum til sóma. „Hann hefur gefið kirkju lands vors góða gjöf og er hún í þakkarskuld við hann fyrir gjöfina. En þá þakkarskuld fær hann aldrei betur borgaða með öðru en því að tónlögum hans verði vel tekið af prestum og söfnuðum og að þau verði umfram allt til þess að gera gudsþjónustuna enn meir aðlaðandi söfnuðum og þannig til að glæða kirkjurækni og með henni kirkjulegt líf í landinu.“

Stefán M. Jónsson, prestur á Auð-



Siglufjarðarkirkja Ný kirkja var vígð í ágúst 1932.

Gloria in excelsis.

Dýrð sje guð - i i upp - hæð - um!

Largo.

Dýrð sje guð - i i upp - hæð - um, fríð - ur á jörð - u og vel - þök - un

dimin. *mf*

yf - ir mönn - un - um! Vjer lof - um þig, vjer góð - um þig, vjer

dimin. *mf*

dýrk - um þig, vjer tíu - um þig; þakk - ir gjfr - um vjer þjer sak - ir

mf

mik - ill - ar dýrð - ar þinn - ar, drott - inn guð,

Hátíðasöngvarnir Samdir af séra Bjarna og eru enn sungnir hver jól.

kúlu í Austur-Húnavatnssýslu, sem var orðlagður söngmaður, skrifaði langan ritdóm um Hátíðasöngvanna í Þjóðólfi í apríl 1900. Hann hældi Bjarna fyrir sönglöggin en sagði síðan: „Þegar ég hafði farið í gegnum hátíðasönginn hans varð ég fyrst sannfærður um að hann er sannarlegt skáld sem vér Íslendingar megum vera hreyknir af. Já, Hátíðasöngvarnir hafa hrifið mig svo að ég tel þá með hinni fegurstu kirkjumúsík er ég hefi heyrt,“ sagði séra Stefán. „Með söng þessum höfum vér Íslendingar eignast fagan og fágáðan gimstein sem setja má á tigin stað meðal bókmennta vorra.“

Sama ár, 1900, skrifaði Árni Þorsteinsson tónskáld ritdóm í Eimreiðina: „Um Hátíðasöngvanna er það skjótast að segja að þeir eru sérlega vel og þrýðilega samdir. Má af þeim undireins sjá að séra Bjarni er smekkmáður hinn mesti og að því skapi vandvirkur. Það er sannarlega ekki á hvers manns meðfæri að eiga við kirkjusöng svo að rétt sníð verði á. Það er ekki nóg að samhljómurinn verði lýtalaus og fagur, nei, það verður líka að vera still í því öllu – og kirkjubraginn má ekki vanta. Það er einmitt þessi still í kirkjusöngnum sem hrífur hjörtun og – að svo miklu leyti sem söngur og hljóðfærsláttur geta – vekur guðrækilegar hugsanir

og tilfinningar í sálum manna. Að því er séð verður hefur séra Bjarna tekist þetta allt mæta vel, og mega því Íslendingar vel kenna honum þakkir fyrir þessa Hátíðasöngva, eins og annars allt annað frá hans hendi.“

Wennerberg dáðist að söngvunum

Valtýr Guðmundsson, alþingismaður og ritstjóri Eimreiðarinnar, skrifaði grein um Bjarna í blað sitt árið 1901. Þar fjallaði hann um feril Bjarna og gat þess að hann hefði samið fyrstu sönglöggin árið 1883. Síðan minntist hann á Hátíðasöngvanna. „Þótti hinu fræga tónskáldi Dana, prófessor Hartmann, er höfundur hafði sent handritið til yfirlestrar, það furðu gegna að maður sem notið hefði jafn litillar sönglegrar menntunar skyldi geta gert það svo vel úr garði.“ Síðar í greininni sagði Valtýr: „Hið fræga sænska tónskáld Gunnar Wennerberg kvað og hafa lokið lofsorði á Hátíðasöngvanna.“

Séra Friðrik Friðriksson hittir þetta sænska tónskáld, sem meðal annars er þekkt fyrir glúntana, árið 1901 og sagði að hann hefði mjög dáðst að Hátíðasöngvum Bjarna og lögum yfirleitt.

Halldór Jónsson, bankagjaldkeri

og bæjarfulltrúi, skrifaði um Bjarna í tímaritið Óðin í nóvember 1913. Hann sagði að Bjarni ætti þakkir skildar af kirkju og kristindómi fyrir Hátíðasöngva sína. „Það er óhætt að fullyrða að allir sem unna fögrum söng og fagurri músík telja Hátíðasöngvanna hið ágætasta snilldarverk og þeir munu geyma nafn hans í þakklátum hjörtum fyrir slíka aldamótgjöf til kristindómsins og hinnar íslensku kirkju.“

Á aðfangadag jóla árið 1913 birtist eftirfarandi klausa í blaðinu Norðurlandi á Akureyri: „Jóla-tónskáldið. Enginn efi leikur á um það að sá Íslendingur og sá maður sem flestum mönnum á þessu landi kemur í hug í kvöld er höfundur Hátíðasöngvanna – séra Bjarni Þorsteinsson á Siglufirði. Og öllum mun koma hann í hug á einn veg: Með aðdáun. Menn geta ekki annað en undrast það og dáðst að því að prestur norður á einum nyrsta tanga Íslands skyldi verða til þess að yrkja slík tónljóð.“ Sennilega er þetta álit Jóns Stefánssonar, ritstjóra blaðsins, síðar verslunarstjóra.

Í maí 1915 birtist í Nýju kirkjublaði, sem Þórhallur Bjarnarson biskup gaf út, umsögn um Hátíðasöngvanna: „Hefur söngur þessi unnið séra mikla og einróma hylli hvarvetna þar sem hann hefur verið notaður, en það er nú orðið allvíða, enda er bókinn því nær uppseld.“

Áhrifin hvorki mæld né vegin

Á sjötugsafmæli Bjarna, í október 1931, sagði Sigfús Einarsson tónskáld í afmælisgrein í Morgunblaðinu: „Sennilega eru Hátíðasöngvarnir það verk séra Bjarna er hefur aflað honum mestra vinsælda. Þeir hafa nú verið sungnir á stórhátíðum í fjölmörg ár, hvarvetna þar sem efni stóðu til. Verða þau áhrif hvorki vegin né mæld sem þeir hafa haft til söngsins.“ Svipaða skoðun setti hann fram í minningargrein um Bjarna árið 1938. Í bókinni Ómar frá tónskáldsævi sagði Baldur að í Hátíðasöngvunum væri „lyfting og sérkennilegur helgiblær, sem hefur sett svip á stórhátíðir kirkjunnar hjá okkur“.

Baldur Andrésón, guðfræðingur og tónlistargagnrýnandi, sagði í blaðinu Siglufirðingri 1935 um Hátíðasöngvanna: „Eru þeir í huga kirkjurækinnna manna sá þáttur guðsþjónustunnar sem gerir hana með þeim helgiblær er þeir óska. Hljómarnir í Hátíðasöngvunum eru fagrir og hátíðlegir. Hallelúja á jónánótt er hámark guðsþjónustunnar að því er tekur til söngsins.“ Svipaða skoðun setti hann fram í minningargrein um Bjarna árið 1938. Í bókinni Ómar frá tónskáldsævi sagði Baldur að í Hátíðasöngvunum væri „lyfting og sérkennilegur helgiblær, sem hefur sett svip á stórhátíðir kirkjunnar hjá okkur“.

Í minningargreinum um Bjarna, sem lést sumarið 1938, var Hátíðasöngvanna víða getið og meðal annars sagt að þeir lyfti hugarunum „í tilbeidslu og lofgjörð yfir ys hversdagslífsins“.

Þegar áttatíu ár voru liðin frá fæðingu Bjarna, haustið 1941, sagði Sigurgeir Sigurðsson biskup í Lesbók Morgunblaðsins: „Kirkja Íslands á honum mikili að þakka fyrir tónana sem hann gaf henni. Hátíðasöngvar hans munu og ókomin ár snerta mjúklega hjörtu Íslendinga á helgum stundum og lyfta anda þeirra í hæðir.“

Hátíðasöngvarnir voru endurútgefnir árið 1926, óbreyttir að mestu, og komu síðan út ljósprentaðir árin 1949, 1965, 1979 og 1992.

En hver er afstaða Íslendinga nú til þessa verks séra Bjarna? Í svo nefndri kirkjutónlistarstefnu þjóðkirkjunnar, sem birt er á vefsíðu þjóðkirkjunnar, segir: „Hátíðasöngvar sr. Bjarna Þorsteinssonar eru í huga margra Íslendinga ómissandi þáttur helgihalds á hátíðum. Svo mun verða áfram.“

Höfundur er ritstjóri og hefur tekið sam-
an efni í Daga Íslands og fleiri bækur.